

Nr. 5 rennur í Landhelgisjód Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita 18. maí samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því að eins, að knýjandi nauðsyn sje fyrir hendi.

7. gr.

Mál þau, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal reka sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8, 6. apríl 1898, lög nr. 18, 8. júlí 1902, lög nr. 27. 25. sept. 1902, lög nr. 56, 30. júlí 1909, svo og 2. gr. laga nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgisjóðs Íslands, um það, er tekur til sektafjár og andvirðis upptækra veiðarfæra og afla eftir lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 18. maí 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Nr. 6
18. maí

Lög

um

breyting á tilskipun 10. júlí 1795 og tilskipun 20. janúar 1797
um sáttanefndir.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta hertogi í Sljesvík, Holtsetaiandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

38. gr. síðasta málsgr. í tilskipun 10. júlí 1795 og 25. gr. síðasta málsgr. í tilskipun 20. janúar 1797 orðist svo:

Þó er óheimilt að málaflutningsmenn sju umboðsmenn aðilja við sáttaumleitunir, Nr. 6 nema umbjóðandi þeirra sje búsettur utan þeirrar þinghár, þar sem sáttaumleitun fer fram. 18. maí

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Lög

Nr. 7
18. maí

um

breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað orðanna »enda búi sýslumaður þar« í 1. málsgrein laga nr. 18, 20. okt. 1905 komi:

»enda búi sýslumaður, umboðsmaður sýslumanns eða hreppstjóri þar«.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 18. maí 1920

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.